

Reykjavík 20.03.2015

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að draga úr plastpokanotkun.

Endurvinnslan hf. styður aðgerðir til að draga úr plastpokanotkun. Minna plast, minni umhverfissvandamál.

Þó telur hún að best sé að fara jafnhliða í hliðaraðgerðir t.d. til að koma í veg fyrir að notkun plastpoka hliðrist. Þannig gæti minni notkun burðarpoka leitt til aukningar í heimilispokum til notkunar sem ruslapokar.

Nokkrar hugmyndir:

Í Kaliforníu er notuð sú leið að blautt efni fer í sér tunnu (með eða án poka) en allt þurrt efni í aðra tunnu. Slíkt minnkar þörf á plastpokum undir heimilissorp. Útfæra mætti þetta með öðrum hætti t.d. grenndargámum undir lífrænt sorp eða ívilnunum fyrir grænar tunnur.

Fella mætti niður virðisaukaskatt af kössum til moltugerðar og þannig minnka notkun plastpoka.

Þá skal bent á að hægt er að styðja þessa leið með því að auka jafnframt endurvinnslu á plasti með því að auka aðgengi að móttökustöðvum og kynna vel skaðsemi plastics, því að áfram mun verða notað plast til geymslu matvæla og í landbúnaði og sjávarútvegi.

Minna þarf á og auka notkun margnota poka undir matvöru. Hugsanlega fella niður virðisaukaskatt tímabundið á meðan verið væri að kynna þetta.

Þá er að þróast svokallað biodegradable plastpokar sem mætti hvetja aðila að nota fremur en venjulega plastpoka.

Niðurstaða:

Flott tillaga hjá ykkur og mætti styðja með hliðaraðgerðum.

Helgi Lárusson

Endurvinnslan hf.